

226. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 9. september 2024, á Teams

Mætt frá Breiðafjarðarnefnd: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Valdís Einarsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Karl Kristjánsson, Arnar Kristjánsson og Sunna Björk Ragnarsdóttir.

Forföll: Arnheiður Jónsdóttir.

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.30.

1. Fundargerðir 224. og 225. funda Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 224. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 18. júní 2024, og fundargerð 225. fundar Breiðafjarðarnefndar, sem haldinn var 8. júlí 2024 í Flatey.

Afgreiðsla:

Fundargerðir lesnar upp og samþykktar.

2. Samstarfsverkefni Breiðafjarðarnefndar 2024

Breiðafjarðarnefnd vinnur að nokkrum samstarfsverkefnum á árinu.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi áfram um stöðu samstarfsverkefna á árinu og samþykkti fjárhagsáætlun sína fyrir árið. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun setja sig í samband við samstarfsaðila til að ganga frá samstarfssamningum fyrir árið 2024.

3. Umsögn vegna deiliskipulags fyrir Vigrholt í Sveitarfélaginu Stykkishólms

Breiðafjarðarnefnd fékk umsagnarbeiðni frá Sveitarfélaginu Stykkishólms vegna skipulagsins fyrir Vigrholt. Skilafrestur umsagnar var 6. september 2024 og hefur Breiðafjarðarnefnd nú þegar skilað inn umsögn.

Afgreiðsla:

Farið var yfir feril málsins, sem hófst í desember 2023, og rætt var um síðustu umsögn nefndarinnar frá í september.

4. Umsögn vegna breytingar á aðalskipulagi í Króksfjarðarnesi og Geirdal í Reykhólahreppi

Breiðafjarðarnefnd hefur borist beiðni frá Reykhólahreppi vegna breytingar á aðalskipulagi fyrir Króksfjarðarnes og Geirdal í Reykhólahreppi.

Afgreiðsla:

Karl Kristjánsson fór yfir fyrirhugaðar breytingar og nefndin kom sér saman um athugasemdir sem starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun undirbúa og senda á nefndarfólk fyrir næstu viku.

5. Endurheimt Hraunsfjarðar - Framhald eftir fund með ráðherra

Breiðafjarðarnefnd hefur haft í undirbúningi mögulega endurheimt Hraunsfjarðar á Snæfellsnesi síðan 2023. Breiðafjarðarnefnd sendi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra greinargerð vegna áformanna vorið 2024 og ræddi málið við ráðherra á fundi í júlí 2024.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi næstu skref og gerði áætlun fyrir verkefnið. Ljóst er að verkefnið verður ekki að veruleika nema í samráði við landeigendur, fagaðila og sveitarfélögin tvö sem liggja að svæðinu.

6. Framtíð Breiðafjarðar - Framhald eftir fund með ráðherra

Breiðafjarðarnefnd setti á fót vinnu um „framtíð Breiðafjarðar“ árið 2017. Framtak hennar leiddi til skipun stýrihóps um framtíð Breiðafjarðar sem skilaði af sér niðurstöðum í júlí 2024. Nefndin ræddi málið við umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra á fundi í júlí 2024.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi næstu skref og samþykkti að undirbúa skýrslu þar sem nefndin tekur formlega afstöðu til tillagna stýrihópsins. Hægt er að sjá tillögur stýrihópsins á heimasíðu SSV - Samtaka sveitafélag á Vesturlandi [hér](#) eða á heimasíðu Fjórðungssambands Vestfirðinga [hér](#).

Breiðafjarðarnefnd er umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra til ráðgjafar hvað varðar framkvæmd laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og telur að álit hennar á tillögum stýrihópsins sé mikilvægt fyrir ráðherra áður en ráðuneytið tekur afstöðu til þeirra.

7. Verndarsvæði í hafi - Lokaskýrsla stýrihóps um verndun hafsins

Lokaskýrsla stýrihóps um verndun hafsins var birt í júlí 2024. Hægt er að nálgast skýrsluna [hér](#).

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar lagði fram til kynningar lokaskýrslu stýrihóps, sérstaklega kafla sem fjalla um Breiðafjörð.

Ljóst er að Breiðafjörður gegnir mikilvægu hlutverki í náttúruvernd og tillögur stýrihópsins undirstrika það, eins og má sjá í tillögu stýrihópsins fyrir neðan.

„Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið í samráði við hagaðila ljúki við kerfisbundna greiningu á stjórnkerfi verndunar og nýtingar í Breiðafirði og hvort skilgreina megi svæði Breiðafjarðar í hafi innan markalínunnar sem svæði með annarri virkri svæðisvernd (OECS) eða friðlýst svæði í hafi (MPA) í skilningi samnings SP um líffræðilega fjölbreytni“.¹

Breiðafjarðarnefnd telur að rétt væri farið að ljúka við kerfisbundna greiningu á stjórnkerfi verndunar og nýtingar í Breiðafirði, eins og stýrihópur leggur til.

8. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður fjárfundur á Teams þann 1. október 2024, kl. 10.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.15.

¹ Stjórnarráðið. (Júlí 2024). *Verndarsvæði í hafi. Lokaskýrsla stýrihóps um verndun hafsins.* https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjol/MAR_VerndarsvaediiHafi_Vefur.pdf, bls. 31.